FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Málnotkun og lestur
Námsgrein:	þýska
Viðfangsefni:	aukasetningar, fallbeyging lýsingarorða, málnotkun í nútíð og núliðinni tíð, stigbreyting, þolmynd
Skammstöfun:	ÞÝSK1SM05
Þrep:	1
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Áherslan er á nánasta umhverfi nemandans: heimilið, matur, tíska og smekkur, skólinn og starfið. Í tengslum við þessi þemu er siðum og samskiptavenjum í þýskumælandi löndum fléttað inn í kennsluna. Nemendur eru áfram þjálfaðir í öllum málfærniþáttum, hlustun, lesskilningi, ritun og tali með aukinni áherslu á tjáningu. Ný og flóknari málfræðiatriði eru tekin fyrir. Jafnframt eru gerðar meiri kröfur um að nemendur tileinki sér fjölbreyttan orðaforða með lestri lengri texta. Viðfangsefni í þessum áfanga eru á stigi A2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.
Forkröfur:	ÞÝSK1MÁ05
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þeim orðaforða sem er nauðsynlegur til þess að mæta hæfniviðmiðum áfangans, en hann tengist að mestu mat og drykk, hýbýlum og heimilisstörfum, klæðnaði, útliti, skóla og starfi • borðsiðum og helstu samskiptavenjum á heimili, á veitingahúsum og í skóla • grundvallarþáttum þýska málkerfisins • uppbyggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli • beygingu lýsingarorða, fjölbreyttri notkun tíða í sagnorðum og einfaldri þolmynd
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • skilja einfalda texta sem tengjast áherslusviðum áfangans eða eigin áhugamálum • fylgjast með frásögnum um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega • fylgja aðalatriðum í samtali tveggja eða fleiri þegar rætt er um almenn efni og talað er skýrt og áheyrilega, jafnframt að geta borið fram spurningar sem tengjast efninu • afla sér einfaldra, hagnýtra upplýsinga t.d. varðandi innkaup og daglegt líf á heimilinu • panta á kaffi- eða veitingahúsi, lýsa persónum, útliti og fatnaði • ræða við aðra um athafnir daglegs lífs eða reynslu sína

	• nota aukasetningar í ræðu og riti og segja frá orsakasamhengi og tilgangi • skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir, t.d. liðnum atburðum eða framtíðaráformum • skrifa ferilskrá og stöðluð bréf þar sem t.d. er sótt um vinnu • fylgja söguþræði í einföldum bókmenntum/léttlestrarbókum og geta svarað spurningum úr þeim efnislega • nota þau málfræðiatriði sem eru tekin fyrir í áfanganum til að tjá sig markvissar, bæði í ræðu og riti
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • hlusta á og fara eftir leiðbeiningum, skilaboðum og tilkynningum sem tengjast daglegum athöfnum og geta brugðist rétt við • eiga samskipti við þýskumælandi aðila um dagleg efni, t.d. á heimili, á veitingahúsi og í verslun og beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum • tjá sig betur en áður í ræðu og riti um eigin skoðanir og tilfinningar með því að bæta við lýsingum, orsök og tilgangi • tileinka sér aðalatriðin í fjölbreyttum textum og geta dregið ályktanir af því sem er lesið • fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum um kunnuglegt efni úr fjöl- og myndmiðlum • skrifa samhangandi texta um þekkt efni, tengja atriði og gera grein fyrir orsakasamhengi og tilgangi • greina aðalatriði og afla sér upplýsinga úr mismunandi textum og geta dregið ályktanir af því sem hann les
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.